

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2020/540**

2021/EES/22/62

frá 21. janúar 2020

**um leiðréttingu á pólsku útgáfunni af framseldri reglugerð (ESB) 2015/208 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 167/2013 að því er varðar kröfur um notkunaröryggi fyrir ökutæki vegna viðurkenningar á ökutækjum fyrir landbúnað og skógrækt (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 167/2013 frá 5. febrúar 2013 um viðurkenningu á og markaðseftirlit með ökutækjum fyrir landbúnað eða skógrækt <sup>(1)</sup>, einkum 5. mgr. 17. gr. og 3. mgr. 49. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í pólsku útgáfunni af framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/208 <sup>(2)</sup> er villa í annarri málsgrein liðar 6.19.7.1 í XII. viðauka, að því er varðar aðstæður þar sem ljósker fyrir dagljósabúnað eiga að slökna sjálfkrafa, sem hefur þar með áhrif á gildissvið skuldbindinga viðtakanda ranga ákvæðisins.
- 2) Því ætti að leiðrétta pólsku útgáfuna af framseldri reglugerð (ESB) 2015/208 til samræmis við það. Þetta hefur ekki áhrif á aðrar tungumálaútgáfur.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

*(Á ekki við um íslensku útgáfuna).*

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 121, 20.4.2020, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 20/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 60, 2.3.2013, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/208 frá 8. desember 2014 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 167/2013 að því er varðar notkunaröryggi fyrir ökutæki vegna viðurkenningar á ökutækjum fyrir landbúnað og skógrækt (Stjtið. ESB L 42, 17.2.2015, bls. 1).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 21. janúar 2020.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

---